

61.2. Úr gildi falla reglugerð nr. 157 frá 4. sept. 1954 um mjólk og mjólkurvörur ásamt síðari breytingum nr. 247/1963 og 259/1969 og reglur nr. 217 frá 22. des. 1960 um eftirlit með neyslumjólk í heimavistarskólum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. september 1973.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Jón Ingimarsson.*

29. ágúst 1973.

Nr. 270.

## S A M Þ Y K K T

fyrir **Veiðifélag Búðardalsár, Skarðsströnd.**

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Búðardalsár, Skarðsstrandarhreppi, Dalasýslu. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Búðardalsár, en þær eru Hvalgrafir, Tindar, Búðardalur I, Búðardalur II, Barmur og Hvarfsdalur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í júnimánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. ágúst 1973.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélagið Geir, A.-Barðastrandarsýslu.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Geir.

Heimili þess og varnarþing er Geiradalshreppur í Austur-Barðastrandarsýslu.

## 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Geiradalsá, en þær eru Valshamar, Stekkjarholt, Bakki, Svarfhóll, Brekka, Ingunnarstaðir og Gautsdalur.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.